

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

56. fundur Stjórnar BS bs. haldin föstudaginn 30. apríl 2021

kl. 08:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 29, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

### Fundargerð

#### Formaður setur fundinn.

- Ársreikningar lagðir fram (Anna Birgitta Geirfinnsdóttir á fundinn og fer yfir ársreikninginn). Ársreikningurinn **samþykktur samhljóða**.
  - Rekstrarafgangur ársins nam um 20,8 milljónum króna, heildareignir námu um 1.205,2 milljónum króna og eigið fé í lok ársins nam um 494,4 milljónum króna. Reiknaður meðalfjöldi ársverka var um 31.
  - Endurskoðunarskýrsla Deloitte lögð fram og samþykkt.
- Staða fjármála, yfirlit yfir fyrsta ársfjórðung 2021.
  - Jón fer yfir stöðu fjármála eftir fyrsta ársfjórðung. Rekstur samkvæmt áætlun.
- Erindi sem hafa borist. (Samstarfssamningur milli BS.bs og SHS bs.)
  - Borist hefur erindi frá Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins um samning um gagnkvæma aðstoð.
  - Samningurinn samþykktur og slökkviliðsstjóra falið að ganga frá málinu.
- Skýrsla slökkviliðsstjóra.

#### **Viðræður við Isavia:**

Við höfum átt viðræður við Sveinbjörn Indriðason forstjóra og Önnu Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóra þjónustu rekstrarsviðs Isavia, frá BS.bs voru Friðjón Einarsson, Sigurður Skarphéðinsson og Jón Guðlaugsson. Rætt um samskipti og samstarfssamning. Þá var rætt um aðkomu Isavia að uppbyggingu aðgerðarstjórnstöðvar Almannavarna Suðurnesja utan Grindavíkur, fram kom að þeir eru að draga sig út úr því samstarfi sem verið hefur um rekstur aðgerðarstjórnstöðvar.

Ákveðið að halda áfram viðræðum sem legið hafa niðri frá því að Covid kom upp, einnig að reglulegir fundir verða milli Önnu Bjarkar og slökkviliðsstjóra.

## Vinna starfsmanna við útisvæði:

Starfsmenn hafa verið að vinna á útisvæði við slökkvistöðina og er sú vinna unnin í sjálfboðavinnu á vegum félags starfsmanna.

Um er að ræða glæsilega úti aðstöðu fyrir starfsmenn og eiga þeir mikið hrós skilið fyrir óeigingjarnt starf.

## Sumarafleysingar :

Ráðið hefur verið í tvær stöður vegna sumarafleysingar og hefja þau störf í byrjun júní.

## Námskeið:

Níu starfsmenn eru að klára grunnám sjúkraflutninga, sex starfsmenn eru í námi fyrir atvinnuslökkviliðsmenn og eru tveir starfsmenn í EMT-A (neyðarflutninganám í sjúkraflutningum).

- Uppbygging aðgerðarstjórnstöðvar Almannavarna Suðurnesja utan Grindavíkur í nýrri slökkvistöð.
  - Stjórn felur slökkviliðsstjóra að kaupa inn nauðsynlegan búnað.
- Staðan gagnvart uppgjöri við Ístak.
  - Stjórnarformaður fer yfir málið.
- Önnur mál.

Fundi slitið kl.